

127

Reikning þennan höfum við undirskrifaðir yfirfarð og ekkert fundið við hann að athuga.

Hunkubökkum 14. júní 1919.

Björn Runólfsson.

Eliás Bjarnasson.

128

Reikningur

Minningarsjóðs alþm. Sighvats Árnasonar 1918.

Eign í aðaldeild Söfnunarsjóðs við ársbyrjun	kr.	90 18
Vextir 1917 lagðir við höfuðstól	—	4 26
		<hr/>
A vöxtum í Söfnunarsjóði við árslok	kr.	94 44

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 2. jan. 1919.

Björgvin Vigfússon.

Þannig samþykktur af sýslunefnd Rangárvallasýslu 29. apríl 1919.

Björgvin Vigfússon.

129

Reikningur

Minningarsjóðs Ragnheiðar Thorarensen, Móeiðarhvoli 1918.

1. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, lók nr. 367:			
a. Innstæða við ársbyrjun	kr.	503 10	
b. Vextir 1917 lagðir við höfuðstól	—	23 79	
		<hr/>	
			kr. 526 89
	Flyt	kr.	526 89

	Fluttar	kr.	526 89	129
2. Bankavxtabryf, geymd í Íslandsbanka, að nafnverði	—		500 00	
3. Í Landsbankanum, bók nr. 18303:				
a. Innstæða við ársbyrjun	kr.	129 65		
b. Vextir 1917 við lagðir	—	5 18		
c. Vextir af 500 kr. bankavxta eign innlagðir	—	58 50		
			<hr/>	193 33
Eign við árslok	kr.		1220 22	

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 2. jan. 1919.

Björgvin Vigfússon.

Þannig samþykktur af sýslunefnd Rangárvallasýslu 29. apríl 1919.

Björgvin Vigfússon.

Embætti og sýslanir m. m.

Þann 9. jan. var yfirrettarmálaflutningsmaður Ólafur Lárusson allramildilegast skipaður prófessor innan lagadeildar Háskóla Íslands frá 1. þ. m. að telja.

11. s. m. var sóknarprestur í Helgafellsprestakalli, síra Asmundur Guðmundsson, skipaður skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum frá 1. júní þ. á. að telja.

28. s. m. var cand. philos. Árni Pálsson skipaður 1. bókavörður við Landsbókasafnið.

31. s. m. var sóknarpresti í Þóroddsstaðaprestakalli, síra Sigurði Guðmundssyni samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestsskap frá næstu fardögum að telja, án eftirlauna.

Þann 2. apríl skipaði stjórnarráðið þá prófessor Guðm. Hannesson, háskólakennara Stefán Jónsson og kaupm. Garðar Gíslason í sóttvarnarnefnd. Formaður nefndarinnar er próf. Guðm. Hannesson.

10. s. m. var sjera Þorsteinn Ástráðsson skipaður sóknarprestur í Mjóafjarðarprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum að telja.